



Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019	<b>Áfangalýsing SPÆN2BA05</b>	
Höfundur: GV		
Samþykkt: MF		
Síða 1 af 2		

<b>Búið til – útg.</b>	22. sept 2016 – 1. útg
<b>Námsgrein</b>	Spænska
<b>Titill</b>	Spænska 4 fyrir grunn notanda - d
<b>Skammstöfun</b>	SPÆN2BA05
<b>Viðfangsefni</b>	Evrópski tungumálaramminn, grunnur, stig b1
<b>Staða áfanga</b>	Samþykkt af skóla
<b>Prep áfanga</b>	2
<b>Einingafjöldi áfanga</b>	5
<b>Lýsing áfanga</b>	Byggt er markvisst á þeirri kunnáttu sem nemendur hafa nú þegar tileinkað sér ritun í samræmi við þrep A2 í evrópska tungumálarammanum. Unnið er að frekari færni nemenda í lesskilningi, tali, hlustun og ritun. Orðaforði eykst og ný málfræðiatríði eru æfð. Í áfanganum er lögð áhersla á að nemendur séu færir um að skilja allt venjulegt talað og ritað mál almenns eðlis. Nemendur kynnist frekar menningu spænskumælandi landa. Áhersla er lögð á aukinn orðaforða og lesskilning, svo þeir geti tjáð sig af lipurð bæði munnlega og skriflega. Nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju og beitt til þess ólíkum lestraraðferðum. Nemendur geri sér ljósa eigin ábyrgð í málanámi og átti sig á mikilvægi eing frumkvæðis og vinnu. Til þess að þjálfa þessi atriði er meðal annars tekið mið af eftirfarandi: Verslun, matvæli og magnheiti, hátíðir, boð, matur og drykkur. Smáauglýsingar, hús og hýbílí.
<b>Forkröfur áfanga</b>	SPÆN1AC05
<b>Þekkingarviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta markmiðum áfangans</li> <li>• grundvallarþætti spænska málkerfisins</li> <li>• menningu, samskiptavenjum og siðum spænskumælandi landa og þjóðanna þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál</li> </ul>
<b>Leikniviðmið</b>	<b>Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• greina talað mál um kunnugleg efni og geta fylgt fyrirmælum og greint aðalatriði frá aukaatriðum</li> <li>• lesa og greina margskonar gerðir texta og vinna úr þeim á mismunandi hátt eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni</li> </ul>

Nr.: GAT-115	<b>Menntaskólinn í Kópavogi</b>	
Útgáfa: 01		
Dags.: 13.02.2019		
Höfundur: GV		
Sampykkt: MF		
Síða 2 af 2	<b>Áfangalýsing SPÆN2BA05</b>	

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• afla sér hagnýtra upplýsinga og taka þátt í samræðum og tjá sig um ólík umræðuefni</li> <li>• tjá sig um atburði með því að beita nútíð, framtíð og liðinni tíð og halda kynningu á undirbúnu efni með því að beita orðaforða, setningagerð og framburði á sem réttastan hátt</li> <li>• skrifa samfelldan texta um efni ýmiskonar efni, draga ályktanir og tjá eigin skoðanir</li> </ul>
<b>Hæfniviðmið</b>	<p><b>Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:</b></p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• hlusta á og greina talað mál um efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á sem og eigin skoðanir og persónulega reynslu</li> <li>• rökstyðja og bera saman notkun á setningum</li> <li>• leggja grunn að samræðum þannig að hann rökstyðji, spyrji og svari spurningum um kunnug málefni</li> <li>• draga ályktanir og nota orðasambönd og setningar á sem réttastan hátt til þess að segja frá</li> <li>• skipuleggja frásögn og rökstyðja orðaval í mismunandi tegundum texta og geta dregið ályktanir</li> <li>• skrifa texta um sjálfan sig og umhverfi sitt eða annað efni sem hann hefur aflað sér þekkingar á</li> </ul>
<b>Námsmat</b>	<p>Fjölbreytt námsmat endurspeglar markmið áfangans í öllum færniþáttum í samræmi við evrópsku tungumálamöppuna (ETM). Lokaeinkunn byggir á kennara-, sjálfs- og jafningjamati á virkni og verkefnaskilum nemenda, þar sem færniþættirnir lesskilningur, hlustun, tal og ritun, auk málfræði eru metnir.</p>